

Stjórnarfundur 4 fimmtudaginn 12. janúar 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Steinn Einarsson, Einar Ólafsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Afboð og mættu ekki.:, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Kristín Harpa Hálfánardóttir

Dagskrá

- Landsliðsverkefningin framundan
- Ársþing BLÍ í mars
- EM í vor
- Önnur mál

Fundargerð

Fyrir fundinn kom Birta Björnsdóttir inn og gerði grein fyrir sínu störfum fyrir sambandið undanfarna mánuði.

- Kom fram að hún hafi sett upp markaðsáætlun fyrir sambandið þar sem settir eru upp 4 markhópar. Úrvalsdeildarleikmenn, Öldungar, yngriflokkar, almenningur
- Erum að tala um landsliðsmót sem er í bígerð, landsleik á öldungamóti, gegn pressuliði Öldunga.
- Mikilvægt er að sambandið leggi fram fé í markaðsmálin.

Stjórnin ræddi lítillega um málið og vildi að Birta héldi áfram sinni vinnu í sambandi við þetta. Þá var einnig talað um birtingaáætlun og útbreiðsluna. Rætt um peninga og talað um að hægt væri að setja um 50 þ. á mánuði í markaðsfé næstu mánuði.

Landsliðsverkefningin framundan

- Það er ljóst að framundan er stærsta ár sögu landsliðanna. Við þurfum því á öflugum liði að halda í skipulagningu og slíkt og er Kristján enn hér launalaus á skrifstofu BLÍ.
- Karlalandsliðið keppir í EM SCD final á Íslandi 12.-14. maí, fer svo til Frakklands 24.-28. maí og þaðan á Smáþjóðaleika 29. maí til 4. júní.
- Kvennalandsliðið fer til Póllands 23.-28. maí og þaðan á Smáþjóðaleikana 29. – 4. júní. Að lokum mun kvennalandsliðið fara til Luxemborgar 23.-25. júní til að taka þátt í EM SCD FINAL.

Ársþing BLÍ í mars

- Ákveðið var að hafa þingið föstudaginn 10. mars nk. Á þinginu fer fram formannskjör auk tveggja manna í stjórn. Þau sem fara úr stjórn eru Árni Jón Eggertsson og Hrafnhildur Theódórsdóttir. Sævari er falið að ganga úr skugga um sal hjá ÍSÍ undir þingið.

EM í vor

- Allt er í góðum farvegi fyrir mótið í vor en nefndin hefur fundað reglulega í allan vetur. Næsti fundur er á föstudaginn.

Önnur mál

- Iðkendagjaldið var rætt og er ljóst að skoða þarf betur aðferðina við innheimtuna. Beðið er lausna vegna nýja Felix sem er væntanlegur á næstunni.
- Talað um Genius Sports sem er fyrirtæki sem heldur er að óska eftir að verða réttshafi tölfraeði blakleikja á Íslandi í tengslum við veðmál. Stjórn verður áframsend gögnin um þennan samning til að kynna sér þetta betur.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð